

Tilvísun í mál: HRN25080153

Heilbrigðisráðuneytið vekur athygli á að Alþingi hefur samþykkt frumvarp sem fellir brott lög um Heyrnar- og talmeinastöð sem felur í sér að Heyrnar- og talmeinastöð verður lögð niður, lögin taka gildi 1. maí nk., <https://www.althingi.is/altext/157/s/0310.html>

Heyrnar- og talmeinastöð hefur um árabil tekið að sér að panta raddverndandi búnað sem tengist heyrnartækjum barna beint fyrir sveitarfélög og eftir tilvikum sett hann upp í grunnskólum landsins þar sem heyrnarskert börn stunda nám. Rétt er að taka fram að sveitarfélögin hafa greitt fyrir búnaðinn.

Öll heilbrigðisþjónusta sem Heyrnar- og talmeinastöð hefur veitt verður eftir 1. maí nk., veitt á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins mun ekki taka við fyrrgreindu hlutverki Heyrnar- og talmeinastöðvar að útvega búnað fyrir sveitarfélög. Sveitarfélög munu því þurfa að leita annarra leiða til verða sér úti um búnað fyrir heyrnarskert börn í sínum grunnskólum.

Ef frekari upplýsinga er óskað, þá má hafa samband við Hildi Heimisdóttur, kennsluráðgjafa: hildur.heimisdottir@hti.is

Kveðja,



Hrafnhildur Ýr Erlendsdóttir sérfræðingur / Special Advisor

Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health

Skúlagata 4, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8700

www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)